

**Nd.**

### **368. Breytingartillögur**

við frv. til laga um verkstjórn í opinberri vinnu.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. 3. liður orðist svo:

Við minniháttar vegabætur, þó fleiri séu að vinnu en 10.

Ef ágreiningur rís um þennan lið, skal leggja hann undir úrskurð vegamálastjóra, ef um þjóðveg er að ræða, ella hlutaðeigandi sýslumann. Þó má skjóta úrskurði þeirra til ráðherra þess, sem fer með vegamál.

2. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist: Að öðru leyti eru þeir við verkstjórn háðir ákvæðum þessara laga.